

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 15. apríl 2021 eftirfarandi:

Lindarflöt 10, óveruleg deiliskipulagsbreyting Flata.

Tillagan gerir ráð fyrir að bygging við lóðarmörk lóðarinnar við Lindarflöt 10 verði 9,6 m á lengd en í skilmálum er heimiluð lengd 7,5 m.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 19. mars 2021 eftirfarandi:

Smáraflöt 4, óveruleg breyting á deiliskipulagi Flata.

Tillagan gerir ráð fyrir að bygging við lóðarmörk lóðarinnar við Smáraflöt 4 verði 11,8 m á lengd en í skilmálum er heimiluð lengd 7,5 m. Auk þess er gert ráð fyrir opnu bílskýli framan við bílgeymslu og stækkun á byggingarreit sem snýr út að bílastæði.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 25. maí 2021.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2021